

Geisla s/f, en firmanafn ekki metið og ekkert tillit haft til skulda þeirra, sem á fyrirtækinu hvíldu á þeim tíma, er uppskrift fór fram. Nauðsyn þykir þera til þess við búskipti þessi, að fram komi sem gleggst hagur fyrirtækis þessa og hvers virði það er búinu. Með því að hafnað hefur verið þeirri kröfu, að Geisli s/f verði tekið til skiptameðferðar með því þessu, þykir verða að fallast á þá kröfu sóknaraðilja, að uppskriftin verði tekin upp að þessu leyti, og verði þá jafnframt metið firmanafn og fullt tillit haft til áhvílandi skulda á fyrirtækinu, en áhöld og efni og þess háttar hefur þegar verið virt.

Málskostnaður í skiptaréttarmáli þessu verður látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Uppskriftargerð í búi þessu skal tekin upp, að því er varðar fyrirtækið Geisla s/f, og verði þá haft tillit til verðmætis firmanafns og til skulda, áhvílandi fyrirtæki þessu. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 29. október 1965.

Nr. 20/1964. **Pípuverksmiðjan h/f** (Árni Stefánsson hrl.)
gegn

Kristmundi Herbertssyni
(Gunnar Jónsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara **Hæstaréttar**.

Vinnulaun. Skuldamál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. janúar 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. s. m. Gerir hann þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Sýkna af kröfum stefnda og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Varakrafa: Að hann verði aðeins dæmdur til að greiða

stefnda kr. 4.160.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til 31. desember 1964 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Prautavarakrafa: Að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnda kr. 48.920.86, með sömu ársvöxtum og greindir eru í varakröfu, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Loks krefst áfrýjandi þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn og fjárnámsgerðin verði staðfest og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í þinghaldi 24. júní 1963 fór fram munnlegur flutningur málsins í héraði. Dómarinn beindi því þá til málflytjenda, að afla þyrfti ýmissa gagna, þar á meðal gagna úr bókhaldi áfrýjanda eða Ægissands h/f um launagreiðslur og vinnutíma stefnda og skýrslna stjórnarmanna og forstjóra áfrýjanda og Ægissands h/f. Var málinu frestað til 29. s. m. í þessu skyni, eftir að dómarinn hafði ítrekað þetta og bent á, að skýrslugjöf fyrir dómi væri nauðsynleg. Þinghaldið 29. júní hófst með svohljóðandi bókun: „Lögmaður stefnda (þ. e. áfrýjanda) kveður umbjóðanda sinn telja, að af fyrirtækisins hálfu sé ekki um að ræða, að það hafi meira fram að færa í málinu. Kveðst hann ekki afla í því frekari gagna.“ Fór munnlegur málflytningur síðan aftur fram, og var málið tekið til dóms. Dómur var kveðinn upp 9. júlí 1963. Áfrýjandi hefur til stuðnings kröfum sínum lagt fram hér fyrir dómi ýmis ný gögn, þar á meðal vitnaleiðslur, sem fram fóru á bæjarþingi Reykjavíkur í október, nóvember og desembermánuði 1964 og í marz mánuði 1965.

Þegar litið er til yfirlýsingar umboðsmanns áfrýjanda í héraði, er áður greinir, þykir ekki eiga að byggja á gögnum þessum, sbr. 116. gr. laga nr. 85/1936. Þar sem héraðsdómurinn er í samræmi við gögn þau, sem fyrir lágu í héraði um aðild áfrýjanda að málinu, ber að staðfesta

úrlausn hans um það efni. Verður sýknukrafa áfrýjanda því ekki tekin til greina. Með gögnum þeim, sem lágu fyrir héraðsdómi, verður og að telja sannað, að stefndi hafi unnið eftir- og næturvinnu í þágu áfrýjanda. Eins og greint er í héraðsdómi, kveðst stefndi hafa skrifað hjá sér þessar vinnustundir. Byggir hann kröfu sína um laun fyrir eftir- og næturvinnu á þessari eigin bókfærslu. Hins vegar lagði hann ekki fyrir verkstjóra áfrýjanda lista eða seðla um þessa vinnu, jafnóðum og hún var unnin. Af hálfu áfrýjanda var heldur ekkert aðhafzt til þess að taka saman þessa aukavinnutíma jafnóðum. Stefndi gaf áfrýjanda enga sundurliðaða skýrslu um þessa aukavinnu fyrr en í októbermánuði 1961, en þá afhenti hann áfrýjanda sundurliðaða reikninga um vinnuna til septemberloka 1961. Að svo vöxnu máli þykir rétt að lækka þenna kröfulið stefnda um kr. 20.000.00. Þar sem héraðsdómurinn er að öðru leyti í samræmi við þau gögn, sem lágu fyrir í héraði, verða úrslit málsins þau, að áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda kr. 120.947.80 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber einnig að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámssgerð til tryggingar þessum fjárhæðum, kr. 12.000.00 í málskostnað, kostnaði við fjárnám svo og uppboð, ef til kemur.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Pípuverksmiðjan h/f, greiði stefnda, Kristmundi Herbertssyni, kr. 120.947.80 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Hin áfrýjaða fjárnámssgerð er staðfest til tryggingar kr. 120.947.80 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 12.000.00 í málskostnað, kostn-

aði við fjárnám svo og uppboð, ef til kemur.

Afrýjandi greiði stefnda kr. 35.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júlí 1963.

Stefna í máli þessu var birt 18. júní 1962, og málið var dómtekið 29. júní s.l.

Stefnandi er Kristmundur Herbertsson, Barónsstíg 51, Reykjavík, en stefndi Pípuverksmiðjan h/f, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skuld vegna ógoldinna vinnulauna, að fjárhæð kr. 140.947,80, auk 8% ársvaxta frá 1. janúar 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að félagið verði sýknað, en til vara er krafizt lækunar fjárhæða. Þá er krafizt málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Málavextir:

Að sögn stefnanda samdi hann í maímánuði 1959 við Friðþjóf Karlsson, Kristján Ómar Kristjánsson og Sigríði Kristinsdóttur um, að hann ynni í Pípuverksmiðjunni h/f við viðgerðir og viðhald, smíði á áhöldum og tækjum fyrirtækisins og að auki við hvers konar vinnu við framleiðslu fyrirtækisins. Stefnandi er rennismiður að iðn. Hann heldur því fram, að lofað hafi verið, að hann fengi keypta íbúð í fjölbýlishúsi, sem þau Kristján Ómar og Sigríður Kristinsdóttir ætluðu að hefja smíði á við Kleppsveg undir nafninu Háborg. Vegna þessa kveðst hann hafa tekið sem minnst út af kaupum sínum, og segir hann það hafa verið ætlun sína að eiga sem mest inni, þegar íbúðin væri afhent.

Stefnandi segir, að ekki hafi orðið úr, að honum gæfist kostur á íbúð, og því hafi hann haustið 1961 tekið að krefja stefnda um uppgjör og greiðslu á ógreiddum vinnulaunum. Hann kveðst hafa skrifað hjá sér vinnustundir sínar og byggir kröfu sína á eigin bókfærslu. Hann kveðst hafa átt að hafa kr. 6.500.00 á mánuði fyrir 48 stunda vinnuviku, en fá aðra vinnu greidda eftir taxta járnsmíða. Þá kveðst hann hafa samið í upphafi um þriggja vikna orlof á ári, en aldrei tekið sér frí. Hefur hann

gert kröfu um dagvinnukaup í þrjár vikur á þeim árum, sem hann krefur um laun fyrir. Þá kveður hann kaupið hafa verið hækkað í kr. 7.345.00 á mánuði frá 1. júní 1961. Enn fremur segir stefnandi, að ekki hafi verið um það samið, hvort hann ætti að fá kaup fyrir þann tíma, er hann kynni að vera fjarvist- um frá vinnu, og segist hann ekki krefja um kaup fyrir þann tíma í máli þessu.

Kröfur sínar í málinu sundurliðar stefnandi þannig:
Vinnulaun fyrir 1959, 1960 og 1961 auk orlofs .. kr. 281.447.80
Til frádráttar:

Húsaleiga eftir íbúð að Miklubraut 70		
í 10 mánuði	20.000.00	
Húsaleiga eftir herbergi í Garðastræti 6		
í 3½ mánuð	2.800.00	
Húsaleiga eftir íbúð á s. st. í 3 mánuði	12.000.00	
Greiddir skattar, útsvar o. fl.	15.700.00	
Móttæknir peningar	90.000.00	— 140.500.00

Skuld stefnda kr. 140.947.80

Stefnandi hefur lagt fram skrá, þar sem sundurliðað er, hversu mikið hann vann í hverjum mánuði frá 9. maí 1959 til 16. nóvember 1961, en þá kveðst hann hafa hætt störfum hjá stefnda. Er þar getið fastakaupsins með þeim hætti, er áður greinir, eftir- og næturvinnutíma og tímakaups fyrir þá svo og orlofs, sem stefnandi segist reikna eftir dagvinnu. Stefnandi tekur fram, varðandi ofangreinda húsaleigu, að stefndi hafi verið eigandi húsnæðisins í Garðastræti og að ekki hafi verið samið um upp- hæð húsaleigunnar þar.

Skýrsla stefnanda um málsatvik, sem nú hefur verið rakin, kemur fram í aðiljaskýrslu, sem lögð hefur verið fram í mál- inu, reikningi og sundurliðun, sem einnig liggja frammi í mál- inu, svo og í framburði stefnanda fyrir bæjarþinginu 3. maí 1962, en þá var tekið fyrir mál nr. 129/1962. Var það milli sömu aðilja og mál það, sem hér er til úrlausnar, og um sama sakarefni, að því er lögmaður stefnanda heldur ómótmælt fram. Mál nr. 129/1962 var á sínum tíma hafið.

Af hálfu stefnda er að sumu leyti skýrt með öðrum hætti frá málavöxtum en hér hefur verið rakið.

Því er haldið fram, að stefnandi hafi aldrei verið ráðinn til starfa af stefnda, heldur af Ægissandi h/f í Grindavík, enda

hafi hann alla tíð unnið á vegum þess fyrirtækis. Hins vegar sé það svo, að sumir hluthafar í Pípuverksmiðjunni h/f séu einnig hluthafar í Ægissandi h/f, og sé hinum fyrrnefndu því að verulegu leyti kunnugt um samninga Ægissands h/f við stefnanda og störf hans í þágu síðastnefnda hlutafélagsins.

Því er haldið fram, að rétt sé, að stefnandi hafi hafið vinnu 9. maí 1959 og að umsamið mánaðarkaup hafi verið kr. 6.500.00 á mánuði, miðað við 9 stunda vinnudag. Hins vegar er því mótmælt, að kaupið hafi síðar hækkað í rúmar 7.000.00 kr. Þá er því haldið fram, að um það muni hafa verið samið, að stefnandi fengi fyrir vinnu umfram 9 stundir á dag greitt samkvæmt gildandi eftirvinnutöxtum, en aldrei næturvinnukaup. Gert hafi verið ráð fyrir, að slík umframvinna yrði jafnóðum talin saman, samþykkt og gerð upp af umboðsmanni Ægissands h/f. Slíkir vinnulistar hafi aldrei komið fram, enda muni stefnandi aldrei hafa unnið umfram 9 klukkustundir á dag.

Í greinargerð lögmanns stefnda er því haldið fram, að þeir frádráttarliðir, sem að framan eru nefndir og varða skatta og útsvör, sem greidd voru fyrir stefnanda, svo og þá peninga, sem hann fékk útborgaða, „kunni að vera hærri“ en stefnandi heldur fram. Segir um þetta í greinargerðinni: „Ætti það að koma í ljós við athugun á gögnum Ægissands h.f., ef tilefni verður til slíkrar athugunar í þessu máli.“ Þá er ágreiningur í málinu um það, hve mikil húsaleiga vegna íbúðar að Garðastræti 6 eigi að koma til frádráttar. Hefur af hálfu stefnda verið lagður fram reikningur um leigu 4 mánuðum lengur en talið er rétt af stefnanda, sem kveður annan aðilja hafa verið orðinn eiganda á þessu tímabili og hafa tekið við leigu fyrir þessa fjóra mánuði. Í málinu hefur verið lagður fram miði úr reiknivél, þar sem fram kemur, að talið er af hálfu stefnda, að stefnandi hafi fengið greiddar kr. 102.254.25 í kaup og að fyrir hann hafi verið greiddir reikningar, að fjárhæð kr. 18.-765.13. Stefnandi hefur hins vegar haldið fast við þær tölur, sem nefndar voru hér að framan.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að stefnanda hafi verið lofað, að hann fengi keypta íbúð þá, sem áður greinir. Hús það, sem um er að ræða, hafi allt verið til sölu, og hafi stefnandi átt kost á íbúð þar sem aðrir.

Í málinu hafa verið lögð fram fjögur vottorð manna, sem segjast hafa unnið hjá Ægissandi h/f um lengri eða skemmri tíma á því tímabili, sem stefnandi krefur stefnda um kaup

fyrir. Segja þeir, að stefnandi hafi, þegar hann vann með þeim, unnið eftirvinnu. Þeir segja að auki, að hann hafi unnið næturvinnu, og einn, að hann hafi unnið helgidagavinnu.

Mál þetta var tekið til munnlegs flutnings 24. júní s.l. Var þá m. a. bókað:

„Gagnaöflun lauk 28. febrúar s.l. Dómarinn lætur þess getið, að rétt sé, að fram komi gögn úr bókum stefnda eða Ægissands h/f um launagreiðslur og vinnutíma stefnanda, upplýsingar úr skattframtölum hans og skýrslur frá stjórnarmönnum og/eða forstjórum stefnda og e.t.v. Ægissands h/f.

Báðir lögmenirnir lýsa því yfir, að þeir óski ekki að afla frekari gagna í málinu. Lögmaður stefnanda óskar þó að leggja nú fram . . . tvö vottorð. Sami lögmaður kveður stefnanda ekki hafa talið fram til skatts vegna þeirra ára, sem um er að ræða, nema á árinu 1962 fyrir árið 1961, og sé það framtal í samræmi við gögn, sem lögð hafa verið fram í þessu máli.

Fram fór munnlegur flutningur.“

Eftir þetta er bókað um málflutning umboðsmanna aðilja, en síðan var bókað, áður en lögmaður stefnda hafði lokið síðari ræðu sinni:

„Dómari ítrekar á grundvelli 114. gr. laga nr. 85/1936, að í málið vanti aðiljaskýrslur og skjöl, eins og að framan greinir.

Lögmaður stefnda óskar, að þeir aðiljar, sem nefndir eru hér að framan, þ. e. stjórnarmenn og forstjórar Pípuverksmiðjunnar h/f og Ægissands h/f fái að koma fyrir dóm.“

Málið var síðan endurupptekið til gagnaöflunar, en tekið fyrir á ný 29. júní. Þá var m. a. bókað:

„Lögmaður stefnanda leggur fram . . . tvö skattaframtöl.

Lögmaður stefnda kveður umbjóðanda sinn telja, að af fyrir-tækisins hálfu sé ekki um að ræða, að það hafi meira fram að færa í málinu. Kveðst hann ekki afla í því frekari gagna.“

Eftir þetta fór fram munnlegur málflutningur, og var málið dómtekið, að honum loknum.

Sem fyrr getur, hefur verið lögð fram í málinu skattskýrsla stefnanda frá 1962, þar sem greindar eru m. a. tekjur hans á árinu 1961. Segir í skýrslunni, að hann hafi fengið í kaup hjá stefnda kr. 85.165.00. Í málinu er hins vegar krafizt fyrir þetta ár kr. 78.165.74 og að auki orlofsfjár, kr. 4.270.00.

Loks er þess að geta, að samkvæmt vottorðum borgarfógeta í Reykjavík eru í stjórn stefnda Kristján Ómar Kristjánsson, Sigríður Kristinsdóttir og Vilhjálmur Árnason. Í stjórn Ægis-

sands h/f eru hins vegar Sigríður Kristinsdóttir, Guðjón Karlsson og Friðþjófur Karlsson.

Málsástæður og lagarök:

Af hálfu stefnanda er því haldið fram á grundvelli þeirrar lýsingar málsatvika, sem rakin eru að framan, að stefnda beri samkvæmt samningi aðilja frá 1959 og breytingu hans snemma árs 1961, varðandi upphæð hins fasta mánaðarkaups, að greiða hina umstefndu upphæð. Því er haldið fram, að stefndi beri gagnvart stefnanda ábyrgð á öllum kaupgreiðslum hans á þeim tíma, sem hann krefst kaups fyrir, þótt hann kunní á stundum að hafa unnið að verkum, sem töldust á vegum Ægissands h/f. Hafi hann þá verið lánaður til þeirra af stefnda, en náð samband sé milli þessara hlutafélaga.

Af hálfu stefnda er byggt á áðurnefndri atvikalýsingu.

Aðalkrafa stefnda er byggð á því, að Pípuverksmiðjan h/f eigi ekki aðild að málinu, þar sem stefnandi hafi verið ráðinn til Ægissands h/f.

Varakrafa stefnda er studd þeim rökum,

— að stefnandi hafi enga eftir- eða næturvinnu unnið, enda hafi hann ekki sýnt neina lista yfir slíkt fyrr en í október 1961, en þeim er mótmælt sem allt of seint fram komnum og að engu hafandi,

— að stefnandi hafi fengið kr. 102.254.25 upp í kaup sitt og að greiddir hafi verið fyrir hann reikningar, samtals að fjárhæð kr. 18.765.13,

— að honum beri að greiða fyrir húsaleigu í Garðastræti 6 mánuðina júní, júlí, ágúst og september 1962 samtals kr. 6.000.00, sem beri að draga frá kröfum hans til viðbótar þeirri leigu, sem stefnandi hefur sjálfur viljað láta koma til frádráttar.

Álit dómara:

Eins og áður er fram komið, hefur af hálfu stefnda ekki verið sinnt áskorunum dómara á grundvelli 114. gr. laga nr. 85/1936 um framlagningu skjala og skýrslugjöf fyrir dómi. Samkvæmt 116. gr. sömu laga verða skýrslur stefnanda því lagðar til grundvallar dómi, enda eru þær í samræmi við það, sem fram er komið í málinu að öðru leyti og sönnunargildi hefur. Ber því að taka til greina kröfur stefnanda, þ. á m. málskostnaðarkröfu hans. Þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn kr. 12.000.00.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Pípuverksmiðjan h/f, greiði stefnanda, Kristmundi Herbertssyni, kr. 140.947.80 auk 8% ársvaxta frá 1. janúar 1962 til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 20. september 1963.

Ár 1963, föstudaginn 20. september, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Rauðarárstíg 25 og haldinn þar af fulltrúa borgarfógeta, Viggó Tryggvasyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-1143/1963:

Kristmundur Herbertsson gegn Pípuverksmiðjunni h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 550/1962, svohljóðandi

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Gunnar Jónsson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 140.947.80 með 8% ársvöxtum frá 1/1 1962 til greiðsludags, kr. 12.000.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Fyrir gerðarþola mætir Kristján Ómar Kristjánsson, sem býr/starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola í húseigninni nr. 25 við Rauðarárstíg. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.